

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. september 2023 vegna Sundabraut - aðalskipulagsbreyting og umhverfismat. Verklýsing til kynningar

Góðan daginn

Þann 14. september 2023 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Með verklýsingunni eru boðaðar breytingar sem varða legu og útfærslu áformaðrar Sundabrautar. Jafnhliða því er lögð fram áætlun um hvernig standa skuli að umhverfismati breytinganna, sbr. lög nr. 111/2021. Breytingartillögur og umhverfismat þeirra verða mótaðar og kynntar samhliða mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og laga nr. 111/2021 um umhverfismat er verkefnislýsingin, ásamt matslýsingu, lögð fram til kynningar og umsagnar. Áformað er að kynna verkefnislýsinguna á opnum íbúafundum og verða þeir auglýstir sérstaklega.

Verkefnislýsingin er kynnt í skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum; sjá skipulagsgatt.is. (<https://skipulagsgatt.is/issues/622/process>). Sjá einnig meðfylgjandi skjal.

Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á þeim vettvangi fyrir 19. október nk. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

bestu kveðjur,

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur
Deildarstjóri aðalskipulags
Umhverfis- og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar

Haraldur Sigurðsson, urban planner
Head of Municipal Planning
Environment and Planning
City of Reykjavík

Umsagnar- og hagaðilar:

Íbúaráð (Laugardals, Grafarvogs, Kjalarness)
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
Kópavogsbær
Garðabær
Hafnarfjarðarkaupstaður
Seltjarnarneskaupstaður
Mosfellsbær
Kjósarhreppur
Aðliggjandi sveitarfélög
Skipulagsstofnun
Umhverfisstofnun
Hafrannsóknastofnun
Orkustofnun
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Minjastofnun
Vegagerðin
Samgöngustofa
Náttúrufræðistofnun Íslands
Borgarsögusafn Reykjavíkur
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar – Náttúra og umhverfisgæði

Íbúasamtök (Laugardal, Grafarvogi, Kjalarnesi)
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Hvalfjarðarsveit
Akranes
Faxaflóahafnir
Sorpa
Björgun
Veitur
Skotfélag Reykjavíkur
Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis
Landvernd
Íbúar, hagsmunaaðilar og landeigendur á áhrifasvæði Sundabrautar

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.